

VefTré

Siðareglur Aspar	2
Siðareglur Iðkenda	2
1. Komdu fram af virðingu	2
2. Vertu heiðarleg(ur)	2
3. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar	2
Siðareglur Þjálfara	4
2. Vertu heiðarleg(ur)	4
3. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar	5
4. Berðu virðingu fyrir þjálfarastarfinu	5
Siðareglur Stjórnarmanna, Starfsmanna og Farastjóra	6
1. Komdu fram af virðingu	6
2. Vertu heiðarleg(ur)	6
3. Vertu félagsmönnum góð fyrirmynd	6
4. Berðu virðingu fyrir starfsemi félagsins	6
Siðareglur Aðstandenda	8
Agareglur vegna ferða og móta	9
Viðurlög og verklagsreglur.	10
Viðurlögum við brotum á siðareglum félagsins	10
Verklagsreglur	11

Siðareglur Aspar

Siðareglur Iðkenda

1. Komdu fram af virðingu

- a. Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, vaxtalagi stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- b. Berðu virðingu fyrir einstaklingum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
- c. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði.
- d. Berðu virðingu fyrir andstæðingum, dómurum, foreldrum/forsjáraðilum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.
- e. Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft sem er laust við líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi og tilkynna slíkt til ofbeldisvarnarfulltrúa. Allur grunur eða víska um ofbeldi sé tilkynnanlegt engu skipti hvort um sé að ræða líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi.
- f. að þú sýnir dómurum og starfsmönnum leikja og móta virðingu og forðist þrætur eða deilur við þær. Virða ber allar ákvarðanir sem þeir taka.
- g. Að þú mætir á réttum tíma á æfingar, keppnir og anna sem viðkemur félaginu ellegar boði fjarvist eða seinkun til þjálfara eða viðkomandi aðila. Tími allara er dýrmætur.
- h. að þú sýnir alltaf öðrum virðingu og sért heiðalegur og opin ganghvarf þjálfurum og starfsfólki félagsins sem er að gefa af tíma sínum til að auðga æfingar, ferðir og mót.
- i. Að þú forðist of nán samskipti við þjálfarinn þinn og virðir hans rétt til einkalífs.

2. Vertu heiðarleg(ur)

- a. Farðu eftir reglum íþróttarinnar og komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
- b. Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft og umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- c. Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.

3. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- a. Berðu ábyrgð á eigin hegðun.
- b. Gerðu þitt besta þannig að þú fái sem mest út úr æfingunni.
- c. Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur og hafðu það hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
- d. Tileinkaðu þér heilbrigðan lífsstíl.
- e. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.
- f. að þú gerir þér grein fyrir að þú ert í íþróttum á þínum forsendum og berð sjálfur ábyrgð á þínum framförum, ekki foreldrar eða þjálfarar.



Siðareglur - Iðkandi

Upplýsingar:	
<i>Fyllist út af iðkanda. Ég hef lesið yfir og kynnt mér Siðareglur Asparinnar og gerir mér grein fyrir að brot á þeim getur leitt til:</i>	
<ul style="list-style-type: none">• <i>Leiðréttingarviðtals og skráning atviks.</i>• <i>Áminningar og skráning atviks.</i>• <i>Tímabundnar brottvikning og skráning atviks.</i>• <i>Tímabundins keppnisbann á vegum Aspar og skráning atviks.</i>• <i>Ótímabundins keppnisbann á vegum Aspar og skráning atviks.</i>• <i>Brottreksturs og skráning atviks.</i>• <i>Vísun máls til viðeigandi yfirvalda (Barnavernd/lögregla) og skráning atviks.</i>	
Undirskrift iðkanda:	Nafn með prentstöfum:
Dagsetning:	

Ef iðkandi er undir 18 þá er nauðsynlegt að forráðamaður skrifi líka undir. Alltaf er óskað eftir því að forráðamenn skrifi einnig undir hjá Öspinni þrátt fyrir að persónuverndarlögin krefjist þess ekki.

<i>Fyllist út af forráðamanni. Ég hef lesið yfir og kynnt mér Siðareglur Asparinnar og gerir mér grein fyrir að brot á þeim getur leitt til:</i>	
<ul style="list-style-type: none">• <i>Leiðréttingarviðtals og skráning atviks.</i>• <i>Áminningar og skráning atviks.</i>• <i>Tímabundnar brottvikning og skráning atviks.</i>• <i>Tímabundins keppnisbann á vegum Aspar og skráning atviks.</i>• <i>Ótímabundins keppnisbann á vegum Aspar og skráning atviks.</i>• <i>Brottreksturs og skráning atviks.</i>• <i>Vísun máls til viðeigandi yfirvalda (Barnavernd/lögregla) og skráning atviks.</i>	
Undirskrift forráðamanns:	Nafn með prentstöfum:

Dagsetning:

Siðareglur Þjálfara

1. Komdu fram af virðingu

- a. Komdu eins fram við alla iðkendur óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, vaxtalagi, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- b. Berðu virðingu fyrir einstaklingnum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
- c. Berðu virðingu fyrir mótherjum, foreldrum/forsjáraðilum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki og stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama.
- d. Verðlaunaðu jákvæða hegðun og framkomu og reyndu ávalt að nota sem jákvæðasta hátt við atferlisbreytingu og aga.
- e. Sjáðu ávalt til þess að að iðkandi sé ekki settur í aðstöðu sem er honum ofviða eða ekki við hæfi hans aldurs, getu, reynslu eða hæfilega.
- f. Að þú setjir heilsu iðkenda ávallt í fyrsta sæti og varist að setja iðkendur í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra. Að þú sýnir þeim iðkendum sem hafa orðið fyrir meiðslum skilning, athygli og umhyggju.
- g. Að þú samþykkir aldrei eða viðhafi ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði og tilkynni slíkt til ofbeldisvarnarfulltrúa. Allur grunur eða víska um ofbeldi er tilkynnanlegt engu skipti hvort um sé að ræða líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi.
- h. Að þú sé aldrei í kynferðislegu sambandi við iðkanda né beiti hann kynferðislegri áreitni eða sýni kynferðislega tilburði við hann. Slíkt er lögbrot og er tilkynnt til lögreglu.
- i. Að þú taki aldrei að sér akstur iðkenda, hvorki á leiki, æfingar eða mót nema með leyfi forráða-/tilsjóna- manna.
- j. Að þú forðist öll samskipti í gegnum síma og internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar. Þjálfari ber að forðast að vera í of persónulegum samskiptum við iðkendur.
- k. Að þú notfæri aldrei þér aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.
- l. Að þú forðist að koma sér í þá aðstöðu að vera einn með iðkenda nema að um fyrirfram ákveðna æfingu sé að ræða.

2. Vertu heiðarleg(ur)

- a. Farðu eftir reglum íþróttageinarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu iðkendur til að gera það líka.
- b. Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- c. Gættu trúnaðar og sýndu aðgætni við meðferð og vörslu persónuupplýsinga. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera af brýnni nauðsyn og í samræmi við lagaboð.
- d. Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
- e. Að þú sért meðvituð um hlutverk þitt sem fyrirmynd, bæði á æfingum, mótum og í ferðum.

3. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- Allir iðkendur eiga skilið að fá athygli og jöfn tækifæri og að komið sé til móts við þeirra þarfir á þeirra forsendum.
- Leggðu þig fram þannig að iðkendur fái sem mest út úr æfingunni.
- Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.
- Ýttu undir heilbrigðan lífsstíl með góðu fordæmi.
- Þú þarft að hafa í huga að þú ert fyrirmynd fyrir iðkendur og ert að byggja þá upp líkamlegan, félagslega og andlega
- Að þú leitist til að fá iðkendur og foreldra til að vera með í þeim ákvörðunum sem teknar eru um iðkendurna. Að þjálfarinn kenni iðkenndunum að taka ábyrgð á eigin hegðun og framförum innan íþróttarinnar.
- Að þú forðast ALLT neikvætt tal um mótherja, samherja, dómara, aðra þjálfara eða starfsmenn félagsins. Hafa ávallt í huga að við erum fyrirmyndir iðkenda.

4. Berðu virðingu fyrir þjálfarastarfinu

- Gerðu kröfur til þín varðandi málfar, hegðun, stundvísi, undirbúning og kennslu/þjálfun.
- Að þú sýnir öllum iðkendum umhyggju, jákvæðin, heiðaleika og réttlæti.
- Að þú sért ávallt að leita eftir samstarfi við aðra þjálfara, sérfræðinga og klúbba á sviði íþróttarinnar til að þróa og vera upplýstur um þær breytingar sem eru innan íþróttarinnar. Þjálfarinn skal líka vera meðvitaður um rétt iðkandans til að gera hið sama.



Siðareglur Þjálfarar

Upplýsingar:	
<i>Fyllist út af þjálfara. Ég hef lesið yfir og kynnt mér Siðareglur Asparinnar og gerir mér grein fyrir að brot á þeim getur leitt til riftunar á samingi mínum við Öspina</i>	
Undirskrift þjálfara:	Nafn með prentstöfum:
Dagsetning:	
Fyrir hönd Aspar:	

Siðareglur Stjórnarmanna, Starfsmanna og Farastjóra

1. Komdu fram af virðingu

- Að þú virðir einkunnarorð Asparinnar sem er íþróttafélag án aðgreiningar.
- Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, vaxtalagi, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- Berðu virðingu fyrir skoðunum annarra.
- Að þú standir ávallt vörð um anda og gildi félagsins. Að þú sjáir til þess að hver iðkandi fái að njóta sín sem best og að þú hafir ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk líkamlega, félagslega og andlega.

2. Vertu heiðarleg(ur)

- Farðu eftir reglum íþróttahreyfingarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu félagsmenn til að gera það líka.
- Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- Gættu fyllsta trúnaðar þar sem við á.
- Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
- Forðastu eða tilkynntu fjárhagslega og persónulega hagsmunaárekstra. Að þú forðist hagsmunaárekstra og upplýsir stjórn um þá ef ef þeir eru fyrir hendi eða hætta á þeim.

3. Vertu félagsmönnum góð fyrirmynd

- Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
- Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn. Að þú haldir öllum iðkendum/félagsmönnum eins upplýstum og hægt er og þeir séu gerðir eins miklir þátttakendur í ákvarðanatöku og mögulegt er
- Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur og að allar ákvarðanir séu teknar með hag félagsins í huga.
- Leggðu metnað í starfið og berðu ábyrgð á eigin hegðun og að þú hafir alltaf lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri og með hag meirihlutans í huga sem og einstaklingsins.
- Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.

4. Berðu virðingu fyrir starfsemi félagsins

- Þekktu lög og reglur félagsins.
- Stattu vörð um anda og gildi félagsins.
- Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
- Sýndu íþróttum virðingu og virtu reglur þeirra, venjur og siði.
- Sýndu öllum iðkendum, dómurum, sjálfbóðaliðum, þjálfurum og starfsfólki virðingu og stuðlaðu að því að iðkendur og félagsmenn geri slíkt hið sama.
- Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.
- Að þú samþykkir aldrei eða viðhafir ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði og tilkynnir slíkt til

ofbeldisvarnarfulltrúa. Allur grunur eða vissa um ofbeldi sé tilkynnt engu skipti hvort um sé að ræða líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi.

h. Að þú takir alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.

i. Að þú notfærir þér aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins, félagsmanna eða iðkenda.

j. Að þú getir tekið og beitt gagnrýni á jákvæðan hátt.



Siðareglur Starfsmanna

Upplýsingar:	
<i>Fyllist út af starfsmanni. Ég hef lesið yfir og kynnt mér Siðareglur Asparinnar og gerir mér grein fyrir að brot á þeim getur leitt til útilokunar á frekari starfi á vegum Aspar og/eða banni á komu á atburði á vegum Aspar</i>	
Undirskrift starfsmanns:	Nafn með prentstöfum:
Dagsetning:	
Fyrir hönd Aspar:	

Siðareglur Aðstandenda

1. Að aðstandendur forðist allt neikvætt tal um mótherja, samherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins og móta. Hafa ávallt í huga að við erum fyrirmyndir iðkenda.
2. Að aðstandendur líti á dómara sem leiðbeinendur en gagnrýni ekki ákvarðanir þeirra. Þeirra starf er að taka ákvarðanir um framistöðu iðkenda.
3. Að viðhafa ávallt jákvæða gagnrýni, sérstaklega þegar á móti blæs.
4. Að styðja alla iðkendur Aspar og hvetja ekki bara þinn iðkenda. Á mótum styðjum við alla iðkendur ekki bara okkar lið eða okkar iðkenda.
5. Að samþykka aldrei eða viðhafa ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði og tilkynna slíkt til ofbeldisvarnarfulltrúa. Allur grunur eða víska um ofbeldi sé tilkynnt engu skipti hvort um sé að ræða líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Upplýstu alltaf um stríðni, einelti eða áreitni
6. Að hafa ávallt í huga að iðkandinn er í íþróttum sér til ánægju ekki til að gleðja aðra og það ætti aldrei að vera þvingað til að mæta á æfingar.
7. Að aðstandendur hvetji börnin þegar vel gengur, kenni þeim að taka ósigri af æðruleysi, taka sigri hrokalaust og sýna mótherjum kurteisi.
8. Að virða rétt hvers þátttakenda óháð vaxtalagi, kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
9. Að aðstandendi beri virðingu fyrir störfum þjálfara, og reyni ekki að hafa áhrif á hann á meðan á þjálfun og móti stendur.
10. Að aðstandendi virði einkalíf þjálfara og forðist öll samskipti í gegnum síma og internetið nema vegna æfinga og upplýsingagjafar. Aðstandandi þarf ekki að vera í persónulegum samskiptum við þjálfara. Virða ber einkalíf þjálfara.
11. Að aðstandendi læri að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því að án þeirra væri ekki hægt að rekja það starf sem Öspin stendur fyrir. Sýndu starfi félagsins virðingu og vertu virkur þátttakandi.
12. Að aðstandendur reyni að bjóða fram aðstoð sína í verkefni á vegum Asparinnar þegar óskað er eftir því.
13. Berðu virðingu fyrir réttindum barna, hvert barn er einstakt.
14. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti, þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða starfsmenn, iðkendur eða sjálfboðaliða.
15. Þér ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.
16. Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
17. Mundu að þjálfarinn þjálfar en foreldrar hvetja.



Siðareglur – Foreldri/Forráðamaður

Upplýsingar:

Fyllist út af foreldra/forráðamanni. Ég hef lesið yfir og kynnt mér Siðareglur Asparinnar og gerir mér grein fyrir að brot á þeim getur leitt til:

- leiðréttingarviðtal og skráning atviks.
- Áminningar og skráning atviks.
- Tímabundnar brottvikning af æfingum og viðburðum Aspar og skráning atviks.
- Ótímabundins brottvikning af æfingum og viðburðum Aspar og keppnisbann á vegum Aspar og skráning atviks.
- Brottreksturs frá öllum æfingum og viðburðum tengdum Öspinni og skráning atviks.
- Vísun máls til viðeigandi yfirvalda (Barnavernd/lögregla) og skráning atviks.

Undirskrift foreldra/forráðamans:

Nafn með prentstöfum:

Dagsetning:

Fyrir hönd Aspar

Agareglur vegna ferða og móta

1. Allar almennar siðareglur Íþróttafélagsins Aspar gilda í ferðum á þess vegum eins og öðrum atburðum á vegum Íþróttafélagsins.
2. Öll notkun vímuefna, nef-, munntóbaks og áfengis, stranglega bönnuð í ferðum. Ef þátttakandi notar einhverja af ofangreindum tegundum vímugjafa í ferðinni verður hann sendur heim á eigin kostnað og í framhaldi af því jafnvel útilokaður frá ferðum á vegum Aspar.
3. Almenna reglan í keppnisferðum félagsins er að neysla sælgætis og gosdrykkja er ekki leyfð frá brottför og þar til keppni er lokið, nema að þjálfari / fararstjóri heimili annað.
4. Minibar á hótélherbergjum á helst vera læstur ef hægt er að koma því við en ef ekki þá er hann samt ekki valkostur fyrir iðkendur og ekki má fara í hann.
5. Ef þátttakandi verður uppvís af einhverri óæskilegri hegðun s.s. stuldi, skemmdarverkum, endurtekinni ókurteisi ofl. verður hann einnig sendur heim á eigin kostnað og jafnvel útilokaður frá ferðum á vegum Aspar. Rétt er að benda á að við ferðumst sem hópur svo hegðun eins einstaklings getur haft áhrif á allan hópinn.



Reglur í ferðum á vegum Asparinnar

Upplýsingar:	
<i>Fyllist út af þjálfara. Ég hef lesið yfir og kynnt mér Siðareglur Asparinnar og þær sérreglur sem gilda í ferðum á vegum Asparinnar og geri mér grein fyrir að:</i>	
<ul style="list-style-type: none">• <i>Leiðréttingarviðtals og skráning atviks.</i>• <i>Áminningar og skráning atviks.</i>• <i>Heimferðar á minn kostnað samstundis</i>• <i>Tímabundnar brottvikning og skráning atviks.</i>• <i>Tímabundins keppnisbann á vegum Aspar og skráning atviks.</i>• <i>Ótímabundins keppnisbann á vegum Aspar og skráning atviks.</i>• <i>Brottreksturs og skráning atviks.</i>• <i>Vísun máls til viðeigandi yfirvalda (Barnavernd/lögregla) og skráning atviks.</i>	
Undirskrift þjálfara:	Nafn með prentstöfum:
Dagsetning:	
Fyrir hönd Aspar:	

Viðurlög og verklagsreglur.

Viðurlögum við brotum á siðareglum félagsins

Stjórn Aspar getur beitt eftirfarandi viðurlögum við brotum:

1. Leiðréttingarviðtal og skráning atviks.
2. Áminning og skráning atviks.
3. Tímabundinn brottvikning og skráning atviks.
4. Tímabundið keppnisbann á vegum Aspar og skráning atviks.
5. Ótímabundið keppnisbann á vegum Aspar og skráning atviks.
6. Brottrekstur og skráning atviks.
7. Vísa máli til viðeigandi yfirvalda (Barnavernd/lögregla) og skráning atviks.

Verklagsreglur

1. Öll mál eru trúnaðarmál og skal meðhöndla þau þannig að sem fæstir aðilar komi að því að óþörfu.
2. Íþróttafélagið hefur fyrst of fremst upplýsingaskyldu gagnvart foreldrum og forráðamönnum iðkenda og skal tilkynna þeim um brot eins fljótt og auðið er. Viðkvæm mál verða ekki leyst nema að traust og trúnaður ríki á milli foreldra, þjálfara, stjórnar og iðkenda. Sum mál er hægt að leysa á milli þjálfara/starfsmanns Asparinnar og iðkandans. Þá skal ávallt vera gerð skráning um málið og báðir aðilar skrifa undir að þeir séu sáttir við að málinu sé lokið og allir séu sáttir við málalýktir.
3. Íþróttafélagið reyni ávallt að leysa hvert atvik um leið og það kemur upp eða eins fljótt og hægt er. Líklegast er að þjálfarar geti klárað flest mál og skilað inn tilkynningu um lýktir þess til félagsins samstundis.
4. Mál sem koma upp og ekki hægt er að leysa strax skal tilkynna til stjórnar ef ekki er um ofbeldi er að ræða en ef um ofbeldi er að ræða skal tilkynna það til ofbeldisvarnarfulltrúa.
5. Ef iðkandi lætur ekki af hegðun eða um ítrekaðar áminningar er að ræða skal vísa iðkandanum af æfingu eða úr keppni. Ákvörðun skal samstundis vera tilkynnt forráðamönnum og tilkynning send stjórn Aspar. Eftir frávísun frá æfingu má iðkandi ekki sækja aðrar æfingar eða keppni á vegum Aspar fyrir en mál hans hefur verið tekið fyrir hjá stjórn Aspar.
6. Ef iðkandi gerist sekur um alvarlegt eða endurtekin brot á agareglum Aspar er heimilt að vísa honum tímabundið úr félaginu eða úr félaginu til frambúðar.
7. Gerist iðkandi sekur um alvarlegt brot á agareglum í keppnisferð eða á öðrum ferðalögum á vegum félagsins verður haft samband við foreldra/forráðamenn viðkomandi og óskað eftir að iðkandinn sé sóttur eða hann sendur heim á sinn kostnað. Slíkt brot getur orsakað að hann eigi ekki kost á að fara í frekari keppnisferðir á vegum Aspar.
8. Iðkendur eða forráðamenn eru ávallt sjálfir fjárhagslega ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum félagsins, eignum starfsfólks eða eignum liðsfélaga sinna, sem og tjóni sem iðkandi kann að valda í keppnisferðum félagsins.
9. Öll agabrot eru skráð á sérstök skráningarblöð sem varðveitt eru hjá íþróttafélaginu Ösp og bæði þjálfari og iðkandi skrifa undir að brotið hafi verið tilkynnt iðkanda.
10. Öll agabrot fá sérstök málnúmer þar sem fyrstu stafirnir gefa til kynna röð mál á árinu síðan bandstrik og seinni fjórir árið (XXX-árið)